Listasafn Reykjavíkur að KJARVALSSTÖÐUM:

Afar fjölbreytileg menningarmiðstöð fyrir alla aldurshópa

Það þurfa að vera fyrir hendi greinargóðar upplýsingar um listasöfn borgarinnar til að vekja athygli almennings og ferðafólks á því sem söfnin hafa uppá að bjóða. Ég útbjó upplýsingar á íslensku og ensku um Listasafn Reykjavíkur sem hefur verið dreift til aðila ferðaþjónustunnar í borginni. Við bjóðum safnaleiðsögn á mörgum tungumálum og við þurfum að átta okkur á því að íslensk menning er áhugaverð í augum erlendra ferðamanna," sagði **Anna Margrét Bjarnadóttir** hjá ***Listasafni Reykjavíkur*** að ***Kjarvalsstöðum*** í samtali við Alþýðublaðið.

Anna Margrét hefur búið í Frakklandi og á Spáni að undanförnu en starfað við Listasafn Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum síðan hún kom heim í vor. Hún hefur brennandi áhuga á að vekja meiri athygli á listaverkum safnsins og þýðingu safnsins í menningarlífi þjóðarinnar. Anna Margrét segist hafa mikinn áhuga á því að okkur takist að gera Reykjavík að *Menningarborg Evrópu* árið 2000 eins og rætt hefur verið um. En það er Listasafn Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum sem er á dagskrá hjá okkur að þessu sinni, en Anna Margrét hefur greinargóðar upplýsingar um það á takteinum. Hún bendir réttilega á að það eru margir sem ekki átta sig á því að á Kjarvalsstöðum eru í raun fjögur söfn: ***Kjarvalssafn, Errósafn, Byggingarlistasafn*** og ***Bókasafn Listasafns Reykjavíkur.*** Þar að auki er ***Ásmundarsafn*** einnig hluti af Listasafni Reykjavíkur. Hér á eftir eru nánari upplýsingar um starfsemi safnsins.

Sýningar sumarsins

Nú er síðasta sýningarvika á íslenskri samtímalist sem er hluti af dagskrár Listahátíðar 1994.

Sýning **Kristins Hrafnssonar** í Ásmundarsafni var opnuð í maí og stendur hún í óákveðinn tíma. Stjórn Ásmundarsafns ákvað á síðasta ári að taka upp þá nýbreytni að gefa starfandi myndhöggvara tækifæri til að sýna verk sín innan um verk Ásmundar Sveinssonar í safninu, sem fyrst og fremst er ætlað að geyma verk hans sjálfs. Kristinn Hrafnsson myndhöggvari varð fyrstur fyrir valinu og verður verkum hans komið fyrir í hluta safnsins. Tilgangurinn með nýbreytninni er tvíþættur. Í fyrsta lagi á hún að gefa gestum tækifæri til að sjá verk beggja listamannanna í víðara samhengi og í öðru lagi að skynja tengslin á milli þeirra, þótt ekki séu þau augljós.

Sýning á verkum **Kjarvals** verður í Austursal 6. ágúst til 11. september. Í Vesturforsal verður ljóðasýning, unnin í samvinnu við Rás 1, á verkum **Egils Skallagrímssonar.** Í Miðsal verður sýning á verkum **Kristins G. Harðarsonar.** Hann hefur markað sér persónulegt svið með listsköpun sinni, sem umfram allt felst í því að taka þekkta hluti – oftast venjulega og ómerkilega hluti – úr sínu upprunalegu umhverfi og gefa þeim nýja og óvænta merkingu. Þótt verk hans séu oft fátækleg að efni og gerð búa þau ávallt yfir furðulegri ljóðrænu.

Sigurður Árni og Magnús Pálsson

Í Vestursal verður **Sigurður Árni Sigurðsson** með sýningu. Sigurður Árni er ungur myndlistarmaður sem vinnur með hefðbundin efni og notar hefðbundnar aðferðir: olíulitir á striga. Í fyrstu vann Sigurður Árni út frá hugmyndum súrrealismans og lék sér með myndhvörf hlutanna. En á síðastliðnum árum hefur hann fyrst og fremst sett á svið ljóðrænar myndsenur og uppstillingar sem hann endurtekur í sífellu á stórum myndfletinum.

Frímerkjasýning verður að Kjarvalsstöðum 13. til 20. september. Frá 24. september til 23. október verður sýning á verkum **Magnúsar Pálssonar.** Hann var einn aðalþátttakandinn í þeim umbreytingum í íslensku listalífi á 7. áratugnum þegar framsæknir listamenn settu til hliðar hefðbundin efni og aðferðir við listsköpunina og tóku að vinna út frá listhugmyndum tengdum fluxushreyfingunni, arte Povera og conceptlistinni. Allar götur síðan hefur Magnús Pálsson kunnað að þróa á persónulegan hátt hugmyndalega listsköpun jafnframt því sem hann hefur lagt stóran skerf til kennslu íslenskra myndlistarmanna á síðastliðnum áratug.

Frá 5. nóvember til 4. desember verður **Erró** sýning á verkum sem hann gaf hingað. Þá er ógetið sýningar á vegum safnsins utan Reykjavíkur, bæði úti á landi og í útlöndum. Nokkrir fyrirlestrar eru ennfremur fluttir í safninu.

Sýningarskrár eru gerðar fyrir allar þessar sýningar.

Safnaleiðbeinendur

Að Kjarvalsstöðum fer fram mikilvægt uppfræðslu- og upplýsingastarf. Í safninu eru starfandi safnaleiðbeinendur sem fara með fólk um safnið og aðstoða við að skilja betur sýningarnar á mörgum tungumálum, uppfræða fólk um listamennina sem halda sýningarnar og svara spurningum. Það er langt frá því að safnaleiðsögn sé aðeins fyrir fullorðna. Safnaleiðbeinendurnir hafa ákaflega gaman af að taka á móti börnum. Þeir leggja áherslu á að aðlagast hverjum hópi fyrir sig og ná góðu sambandi við þá.

Á veturna er mjög algengt að tekið sé á móti skólabörnum. Eftir heimsókn þeirra sér safnið um að þau fái verkefni með sér til baka í skólann um safnaferðina. Ýmis leikjanámskeið sækja líka oft safnið heim. Á sumrin er tekið á móti leikskóla- og dagheimilisbörnum og er þá glatt á hjalla. Safnið er skoðað og síðan er spjallað og sungið en á eftir geta börnin borðað nestið sitt og leikið sér í leiktækjum á Miklatúni. Þá þykir börnunum ekki síður gaman að koma í Ásmundarsafn.

Safnaleiðsögnina verður alltaf að panta fyrirfram. Þó er alltaf þar að auki safnaleiðsögn á sunnudögum fyrir almenning klukkan 16.00.

Endurbætt kaffistofa

Kaffistofa Kjarvalsstaða er alltaf opin þegar safnið er opið. Hún var nýlega gerð upp og er nú orðin reglulega hugguleg. Þar kennir ýmissa grasa, allt frá gómsætum tertum og pönnukökum upp í heilnæm salöt. Kaffi og te er innifalið með smáréttum og tertum, en annars kostar kaffið aðeins 100 krónur. Verðið er ávallt í algjöru lágmarki og girnileg tilboð eru alltaf í gangi.

Á sumrin er hægt að sitja úti á stétt og njóta veitinganna. Stéttin snýr ákaflega vel á móti sól og þar er mjög skjólsælt og einnig má fara í sólbað í skjólsælum lautum Miklatúns. Á túninu eru þar að auki ýmis leiktæki fyrir börn og stendur til að fjölga þeim. Á vetrum er mikið um skíðafólk á Miklatúni og kemur það gjarnan inn að hlýja sér á heitu kakói.

Mögulegt er að fá safnið til leigu fyrir ýmiskonar mannamót og þar að auki getur safnið annast veitingar fyrir hópa. Á safninu er góð aðstaða fyrir hverskyns móttökur og prýðileg fyrirlestraraðstaða. Starfsfólk hefur mikla reynslu af að taka á móti stórum hópum sem hefur líkað vel og þótt þetta skemmtileg tilbreyting.

Bókasafn Listasafnsins

Nýlega var tekið í notkun að Kjarvalsstöðum Bókasafn Listasafns Reykjavíkur. Uppistaðan í safninu eru einkabókasöfn Kjarvals, Ásmundar Sveinssonar og Errós, en safninu hafa líka borist veglegar gjafir svo sem stór bókagjöf frá franska ríkinu.

Aðaláherslan hefur verið lögð á myndlist 20. aldar en einnig eru í safninu bækur um hin ýmsu tímabil listasögunnar, uppsláttarrit um listamenn, efni og aðferðir og ýmis fræðileg efni tengd myndlist.

Kjarvalsstaðir, sem er stærsti útgefandi listaverkabóka á landinu, er í bókaskiptum við öll stærstu söfn erlendis, það er útgáfur Kjarvalsstaða eru sendar í skiptum fyrir útgáfur hinna ýmsu safna tvisvar til þrisvar á ári. Með þessu móti fær safnið mjög fljótt allar nýjustu upplýsingar um sýningar og útgáfur erlendra safna. Bækurnar í safninu eru ekki til útláns, enda er safnið byggt upp til að geta þjónað listamönnum, listanemum, nemum í listasögu og öðrum aðilum sem gagnasafn. Aðstaða er til lesturs á safninu og einnig er hægt að ljósrita úr bókum og blöðum. Á safninu er einnig skráð bréfasöfn Kjarvals og Errós auk ýmissa annarra heimilda. Verið er að vinna skrá um íslenska listamenn.

Safnið stækkar sífellt

Nú þegar telur bókasafnið um 2.600 skráð eintök fyrir utan einkasafn Jóhannesar Kjarvals sem telur um 550 eintök. Safnið er stöðugt að stækka og þróast. Má nefna að á næstunni er væntanleg stór bókasending, en kaup á henni eru styrkt af Menningarstofnun Bandaríkjannna, frá hinum ýmsu bandarísku útgáfum. Með tilkomu hins nýstofnaða Byggingarsafns Reykjavíkur, innan Listasafns Reykjavíkur, verður lögð aukin áhersla á að hafa til taks bækur um byggingalistasögu arkitekta og fleira. Bókasafnið er opið í samráði við bókavörð.

Að Kjarvalsstöðum er einnig bóksala við söluborð í anddyri. Þar er hægt að kaupa nýjar sem gamlar sýningarskrár, þær fjölmörgu listaverkabækur sem safnið gefur út auk annarra bóka, gifsafsteypur af verkum Ásmundar Sveinssonar, plaköt, kort og fleira. Til Kjarvalsstaða eru keypt fjölmörg erlend listatímarit svo sem Art, Artforum, Art Press, Art in America, Art News, Beaux Arts, Flash Art, Galleries Magazine, Parkett, SIKSI og fleiri. Nýjustu hefti þessara tímarita liggja alltaf frammi í leskrók safnsins, en eldri eintök eru geymd í bókasafninu. Jafnframt eru til á safninu íslensk tímarit sem tengjast menningu og listum, svo sem Arkitektúr og skipulag, Tímarit Máls og menningar, Skírnir og fleira. Í leskróknum er svo hægt að lesa íslensku dagblöðin svo og sunnudagsútgáfur erlendra stórblaða.

Byggingarlistasafn

Byggingarlistasafn er ný sérdeild innan Listasafns Reykjavíkur sem tók til starfa haustið 1993. Hlutverk deildarinnar er í grundvallaratriðum tvíþætt; annars vegar gagna- og heimildarsöfnun um íslenska byggingarlist með sérstaka áherslu á 20. öldina og verk íslenskra arkitekta, hins vegar almenn upplýsingamiðlun um byggingarlist með sýningarhaldi, útgáfustarfsemi, fyrirlestrum og kynnisferðum. Áformað er að halda tvær sýningar á ári á vegum deildarinnar (frá og með sýningarárinu 1995) og verða þær hluti af hinni almennu sýningarstarfsemi Kjarvalsstaða. Hugmyndin er að Byggingarlistasafnið megi í framtíðinni verða miðstöð sérhæfðra rannsókna og upplýsingamiðlunar á sviði íslenskrar buggingarlistar. Skrifstofa safnsins er að Kjarvalsstöðum og allar nánari upplýsingar um starfsemina veitir Pétur H. Ármannsson safnvörður.

21 ár frá opnun

Í ár eru liðin 21 frá því að Listasafn Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum var opnað. Að Kjarvalsstöðum eru fjögur söfn: Kjarvalssafn, Errósafn, Byggingarlistarsafn og Bókasafn Listasafns Reykjavíkur og eru öll þessi söfn hluti af Listasafni Reykjavíkur. Þar að auki er Ásmundarsafn einnig hluti af Listasafni Reykjavíkur.

Að Kjarvalsstöðum eru haldnar íslenskar og erlendar listsýningar á vegum Listasafns Reykjavíkur, tónleikar, fyrirlestrar og málfundir. Kjarvalsstaðir standa þar að auki fyrir sýningum víða um land og víða um heim. Kjarvalsstaðir hýsa Kjarvalssafn sem hefur að geyma málverk og teikningar eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972) auk bréfa hans og persónulegra muna. Að Kjarvalsstöðum er jafnframt varðveitt umfangsmikið safn verka og gagna sem listamaðurinn Erró gaf Reykjavíkurborg árið 1989.


Í Ásmundarsafni við Sigtún eru 370 höggmyndir og um 2000 teikningar, sem Ásmundur Sveinsson ánafnaði Reykjavíkurborg eftir sinn dag. Miklar endurbætur hafa farið fram á safninu, sem var áður heimili listamannsins og vinnustofa, og er það nú orðið eitt glæsilegasta höggmyndasafn landsins.

Menningarmiðstöð

„Við leggjum áherslu á að Kjarvalsstaðir séu lifandi, fjölskylduvænt safn, áhugavert og skemmtilegt fyrir alla aldurshópa. Þetta er sannkölluð menningarmiðstöð," sagði Anna Margrét Bjarnadóttir.

Börn fá frítt inn til 16 ára aldurs svo og ellilífeyrisþegar. Í safninu er barnahorn þar sem börn geta dundað sér við að púsla, teikna, lesa bækur, lita eða raða kubbum á meðan foreldrarnir skoða sýningar. Einnig er hægt að fara í fjölskylduratleiki og fjölskyldupúsluspil.

Margir merkir listviðburðir og aðrir viðburðir hafa átt sér stað á Kjarvalsstöðum og margir frægir listamenn og þjóðhöfðingjar hafa sótt safnið heim.



ANNA MARGRÉT BJARNADÓTTIR stendur hér við hluta af listaverkinu „Gildi" eftir RÚRÍ. Þessi hluti nefnist 42 metrar. Listaverk Rúríar er á sýningunni SKÚLPTÚR/SKÚLPTÚR/SKÚLPTÚR að Kjarvalsstöðum sem lýkur um næstu helgi. Þar eru sýnd verk eftir 29 íslenska myndlistarmenn sem fram hafa komið á eftir hinni svonefndu SÚM–kynslóð og hafa endurnýjað hugmyndir um skúlptúrlistina.

Alþýðublaðsmynd / Einar Ólason